

**Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík**

Reykjavík, 18. janúar 2016.

**Efni: Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir framleiðsla á 10.000 tonnum af laxi í Arnarfirði á vegum Arnarlax hf.**

Vísað er í tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi fyrir Arnarlax hf. vegna framleiðslu á allt að 10.000 tonnum á ári af laxi í Arnarfirði í Vesturbyggð.

Landssamband veiðifélaga leggst eindregið gegn umræddri tillögu að starfsleyfi og telur að með umræddri framkvæmd séu stofnar villtra laxfiska settir í stórfellda hættu. Jafnframt telur Landsambandið að umhverfismatsskýrslan dagsett í júní 2015 og unnin af Verkís sé, hvað varðar mat á áhrifum á villta stofna laxfiska, ófullkomin og sýni ekki þau neikvæðu áhrif sem framkvæmdin hefur á stofna villtra laxfiska á svæðinu eða þá stórfeldu áhættu sem tekin er með framkvæmdinni með veiðiár á Íslandi.

Skipulagsstofnun telur að hætta sé á að áhrif framkvæmdarinnar á laxastofninn í Selárdalsá geti orðið nokkuð neikvæð. Landssamband veiðifélaga telur að umrædd framkvæmd muni eyðileggja með öllu umræddan laxastofn. Vert er að nefna að ætlunin er að setja út allt að 2 milljónir norskra laxaseiða á hverju ári. Samkvæmt áætlunum þá gætu verið í eldi allt að 4 milljónir norskra laxa á hverjum tíma. Sé horft á þessa framkvæmd og aðrar svipaðar á Vestfjörðum er nauðsynlegt að meta sammögnunaráhrif framkvæmdarinnar. Hvergi í matsskýrslunni, í álitni Skipulagsstofnunar eða í vöktunarplani, er vikið að því hvert sé ásættanlegt hlutfall þeirra fiska sem sleppa. Eðlilegt er að slík skilyrði séu sett í starfsleyfi og skýrt sé kveðið á um hver viðbrögð við frávikum verði.

Tölur um tilkynntar sleppingar og áætlaðar sleppingar í laxeldi er hægt að nálgast hjá viðurkenndum aðilum erlendis svo sem norsku Hafrannsóknarstofnunarinnar en rannsókn hennar sýnir að fjórum til fimmfalt fleiri laxar sleppa en tilkynnt er um (Taranger o.fl. 2014). Veiðimálastofnun hefur nefnt það að ekki sé óeðlilegt að áætla að einn lax sleppi við hvert framleitt tonn af laxi (Glover o.fl. 2011). Sé horft á þá tölu gætu að meðaltali 10.000 laxar sloppið úr fyrirhuguðu eldi í Arnarfirði á hverju ári. Auðvitað þarf ekki mikla greiningu til að sjá að laxastofnar á Vestfjörðum munu ekki standast slíkan þrýsting og hverfa með öllu. Laxastofnar á Vestfjörðum telja tugi til nokkur hundruð fiska í stærstu ánum í Ísafjarðardjúpi. Viðnám þeirra við þeirri erfðamengun sem af þessu eldi mun leiða er því lítið.

Jafnframt liggur fyrir að máli skiptir hvenær fiskur sleppur þegar metið er hvert hann leitar þegar hann verður kynþroska. Því miður benda rannsóknir til að fiskur sem sleppur snemma á lífsferlinum leitar síður í ár nálægt sleppistað og er líklegri til að leita í ár sem eru í meiri fjarlægð. Hér skipta sammögununaráhrif því megin máli. Sé það rétt að einn lax sleppi við hvert framleitt tonn að meðaltali, þá myndu 60.000 norskir laxar sleppa á hverju ári ef áform um 60.000 tonna framleiðslu á norskum laxi á Vestfjörðum verða að veruleika. Áhrifasvæði þessara áforma nær því ekki bara til Vestfjarða heldur er hætta á að verulegt magn laxa af norskum uppruna muni leita upp í ár á Vestur- og Norðvesturlandi þar sem margar gjöfulustu laxveiðiár landsins eru, með tilheyrandi tjóni vegna erfðamengunar og sjúkdóma sem ætíð fylgja eldi af þessari stærðargráðu.

Við laxeldi í sjókvíum er það krafa Landssambands veiðifélaga að í starfsleyfi sé sett skilyrði um að eingöngu sé um eldi geldstofna að ræða. Benda má á að í Noregi er það gert að skilyrði á sumum svæðum að notast sé við geldstofna til að verja nálæga laxastofna. Ættu slík skilyrði, um notkun geldstofna, ekki að vera íþyngjandi heldur sjálfsögð og eðlileg varúðarráðstöfun við eldi laxfiska í sjó.

### **Eldið brýtur í bága við náttúruverndarlög**

Ekki er annað að sjá en fyrirhugað eldi brjóti í bága við ýmis ákvæði náttúruverndarlaga nr. 60/2013, svo sem ákvæði 6. gr: „Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.“

Ekki er að sjá að með núverandi áætlunum um framkvæmdina að gripið sé til þeirra mótvægisráðstafana sem duga, t.d. með því að ala eingöngu ófrjóan fisk.

Ennfremur eru fyrirætlanirnar um eldið í andstöðu við varúðarreglu þá sem tilgreind er í 9. gr. náttúruverndarlaganna, en þar segir m.a.: „Þegar tekin er ákvörðun, t.d. um skipulag, framkvæmd eða starfsleyfi, án þess að fyrir liggji með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hættu er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.“

Þá eru fyrirætlanirnar í andstöðu við markmið 2. gr. náttúruverndarlaga, þ.e. „að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum.“

Áætlun um viðbrögð við tjóni á villtum stofnum laxfiska er ekki að finna í matsskýrslunni, engin skilyrði vegna áhrifa framkvæmdanna á villta stofna laxfiska eru í tillögu að starfsleyfi og engin umfjöllun um vöktun á áhrifum sleppinga á nálæga stofna laxfiska.

Landssamband veiðifélaga leggst eindregið gegn því að gefið verði út starfsleyfi fyrir framleiðslu á 10.000 tonnum af laxi í Arnarfirði.

Jafnframt er tekið undir athugasemdir Veiðifélags Laxár á Ásum um sama efni.

Fh. Landssambands veiðifélaga,

Jón Helgi Björnsson, formaður